

Stjórnarfundur SÍK, 21. febrúar 2017, fundargerð

Forföll: Sveinn og Haraldur.

Birna las Sálm 23, síðan var sambæn.

1. Fundargerðir

- a. Síðasti stjórnarfundur
- b. Basarnefnd. Ragnar skýrði út atriði í sambandi við leigutekjur í Austurveri vegna blómabúðar og að unnið sé að því að sameina tvö húsfélög hússins.

2. Fjármálin

- a. Farið var yfir fjárhagsáætlun. Góður styrkur frá Kristnisjóði að upphæð 5 milljónir og minningargjafir sem komnar eru þegar bættu stöðuna töluvert. Vonast er eftir að við fáum styrk fyrir íslenskunámskeiðin. Endurskoðun áætlunarinnar bendir til að tekjur og gjöld verði tæplega 78 milljónir.
- b. Gámar vegna skósöfnunar hjá Sorpu þurfa að endurnýjast og gott væri að hafa gáma á öllum stöðvum. Kanna ber hvort hægt sé að fá gefins gáma og mála þá með slagorðinu: „Látið skóna ganga aftur!“ Um leið þarf að fá velvild og undirstrika gagnvart yfirmönnum Sorpu upphaflegan samning okkar um skósöfnun.
- c. Launahækkningar eru erfiðar og við ráðum illa við þær. Annað hækkar miðað við reynslu síðasta árs og ákvarðanir stjórnar.
- d. Búast má við að áætlunin verði nær því að vera í jafnvægi þegar gert er ráð fyrir tekjum sem búist er við en ekki vitað um enn svo öruggt sé.
- e. Með breytingunum var áætlunin samþykkt með gleði og þakklæti í huga til Drottins.

3. Staða starfsins á starfssvæðum SÍK

- a. Kenýa: Ragnar greindi frá ferð sinni með Magnúsi Kristinssyni til Kenýu. Mikið var að gera í ferðinni og mikið álag og margir sem vildu ná tali af þeim. Skólar og heimavistir í byggingu heimsóttar og skoðaðar framkvæmdir sem ganga vel. Bókhaldið virðist í góðu lagi. Starfið ber vitni um mikinn vöxt og löngun til að ná út lengra. Uppörvandi ferð. Víða eru kirkjubyggingar úr múrsteinum hafnar og óskir um hjálp. Framhaldsskólar eru í byggingu þar sem grunnskólar hafa verið reistir. Búast má við styrkbeiðnum vegna þeirra og grunnskóla á jaðarsvæðum sem NLM gat ekki staðið við þótt til hafi staðið. Umsókn frá þeim þarf að berast fyrir byrjun apríl. Við gerum ráð fyrir að sækja um aftur um stryk utanríkisráðuneytinu berist umsókn frá þeim að utan í tíma. Ósk um neyðaraðstoð kom fram í lok ferðar og ástandið er ekki gott, hætt við að skepnur falli og kornverð mjög hátt. Kanna má hvort Hjálparstarf kirkjunnar geti veitt aðstoð.
- b. Japan: Leifur og Katsuko koma heim í lok júlí og byrjun ágúst. Leifur tekur stutt viðbótarnám í Japönsku og er það gert með blessun NLM í Japan. Ragnar fer þangað í heimsókn innan skamms og fáum við þá nánari fréttir. Leifur skrifar í Kristniboðsfréttir um japönsku myndina Scilence sem m.a. felur í sér kristniboðssögu Japans.

- c. Eþjóþía: Ástandið hefur nú batnað í Konsó og skólar og skrifstofur opnar að nýju. Menn bíða þess hvað gerist í vor þegar herlögin taka enda. Ferðafrelsi er komið á en við sendum engan til landsins að svo stöddu. Skýrsla um biblíuþýðingarstarfið í S-Eþjóþíu sýnir framgang verkefnisins. Þýðingarstarfið er mikilvægt.
- d. Heimastarfið: Kristniboðsvikan er framundan. Dagskráin er tilbúin. M.a. verður bíómyndin *Risen sýnd* í Kristniboðssalnum á laugardeginum. Íslenskukennslan hefur gengið sæmilega, mannaskipti meðal nemenda eru nokkur. Sumir koma eftir Mímis námskeið til að fá talþjálfun og samfélag. Hugmynd um að kenna hekl og þrjón hefur verið viðruð en ekkert ákveðið hvort og hvernig slíkt er gerlegt. Miðvikudagssamkomur hafa gengið sæmilega, einhverjir útlendingar hafa komið á alþjóðasamkomurnar. Ekki kom mikið af ungu fólki. Loyara kemur í heimsókn og verður víða nýttur, bæði á kristniboðsvikunni og í öðru samhengi og heimsækir Akureyri og Egilsstaði. Átak með unga fólkinu þyrfti að undirbúa með vorinu. Skoða UL ferð í sumar. Samkomunefnd miðvikudagskvölda þyrfti að geta verið án þess að Ragnar sé formaður eða þátttakandi í nefndinni. Hægt væri að skipta niður hlutverkum svipað og gert hefur verið. Hugsanlega mætti bæta öðrum við nefndina. Skrifstofan gæti t.d. raðað niður kristniboðsefnum á samkomurnar. Bjarmi – eigum við að halda áfram útgáfu og hve þétt? T.d. þrisvar á ári. Virkja þarf fleiri í nefndina. Auka þyrfti áskrift. Þurfum við að skoða netútgáfu?
- e. Annað erlent starf. Grikkland, Búlgaría og fjölmiðlastarfið. Sat7 hefur breytt fimmtu rásinni í skólarás fyrir flóttamenn.

4. **Dagsetning aðalfundar 2017:** Miðvikudagur 10. maí kl 18.

5. **Næsti fundur** stjórnar **verður 21. mars kl 17-19:30** (ekki lengur). Fundarefni undirbúningur aðalfundar.

6. Önnur mál

- a. Stjórnin biður Kristján að kanna kostnað við að hafa **gjafasímanúmer** til að hringja í þ.a. föst gjöf færast á símræking.
- b. **Bundinn reikningur** er laus og kanna ber aðra ávöxtunarleið í lok mars, t.d. bundinn með 30 daga uppsögn.

Fundi slitið.